

## Fundargerð

**Stjórnarfundur nr. 110 Aukafundur**

**5. mars 2021**

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman til fjarfundar föstudaginn 5. mars 2021 kl. 8:30.*

*Mættir: Inga Dóra Halldórsdóttir, Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Helgi Haukur Hauksson, Sigursteinn Sigurðsson, Hrefna B. Jónsdóttir og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Gestur fundarins er Henry Örn Magnússon frá Endurskoðun og ráðgjöf ehf.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur

Formaður stjórnar setur fundinn og býður fundargesti velkomna.

### 2. Endurskoðunarskýrsla MB 2020

Henry Örn Magnússon frá Endurskoðun og ráðgjöf ehf kynnti Endurskoðunarskýrslu MB 2020 fyrir stjórn. Stjórn samþykkir skýrsluna og verður hún undirrituð rafrænt. Endurskoðun og ráðgjöf ehf eru þökkuð vönduð vinnubrögð.

### 3. Ársreikningur

Á fundir stjórnar 23ja febrúar fór fulltrúi frá Endurskoðun og ráðgjöf ehf. yfir ársreikninginn, en ekki náðist að leggja fram loka endurskoðun fyrir þann fund. Þess vegna var aukafundur í stjórn þar sem ársreikningur fyrir árið 2020 var lagður fram til samþykktar. Engar efnislegar breytingar urðu á milli funda en stjórn gafst kostur á að spyrja endurskoðandann ef frekari útskýringar þyrfti við vegna einstakra liða. Ársreikningur MB árið 2020 var borinn upp til atkvæða og samþykktur samhljóða og undirritaður rafrænt.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin til umræðu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 8:47.